


Fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2011

Quarterly government accounts, 4th quarter 2011

Samantekt Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 29 milljarða króna á 4. ársfjórðungi 2011 eða sem nemur 7% af áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins og 16,6% af tekjum hins opinbera. Þetta má bera saman við rúmlega 31 milljarðs neikvæða afkomu á sama tíma 2010 sé 55,5 milljarða áfallin ríkisábyrgð í árslok 2010 undanskilin. Í heild varð tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 71,5 milljarða króna árið 2011 eða sem svarar 4,4% af landsframleiðslu. Árið 2010 var tekjuafkoman hins vegar neikvæð um 154,6 milljarða króna eða 10% af landsframleiðslu (99 milljarðar án áfallinna ríkisábyrgða eða 6,5% af landsframleiðslu).

Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungsins¹

Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP¹



¹ 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabanka Íslands á 4. ársfj. 2008 er ekki meðtalin í heildargjöldum. Sömuleiðis er 55,5 milljarða áfallin ríkisábyrgð á 4. ársfj. 2010 ekki meðtalin í útgjöldum. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure and as well 55.5 billion ISK in 4. quarter 2010 due to called quarantees.

Tekjur hins opinbera námu 680 milljörðum króna 2011 samanborið við ríflega 637 milljarða króna árið áður og hækkuðu um 42 milljarðar króna milli ára eða 6,6%. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu tekjurnar 41,7%. Mestu skiluðu tekjuskattar, eða 267 milljörðum króna, sem hækkuðu um 27,5 milljarða króna milli ára og skattar á vöru og þjónustu sem skiluðu 193 milljörðum og hækkuðu um 9,3 milljarða. Tryggingagjöldin gáfu 69 milljarða króna og hækkuðu 5,3 milljarða milli ára, en aðrar tekjur — aðallega vaxtatekjur og sala á vöru og þjónustu — lækkuðu hins vegar um ríflega 5 milljarða.




Útgjöld hins opinbera voru 751 milljarður króna árið 2011 eða sem svarar til 46,1% af landsframleiðslu og lækkuðu um 5,2% frá 2010. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 236 milljarðar króna (227 milljarðar 2010), kaup á vöru og þjónustu um 191 milljarður króna (187 milljarðar 2010) og félagslegar tilfærslur til heimila um 135 milljarðar króna (120,6 ma. 2010). Þá er talið að vaxtakostnaður hins opinbera verði um 76 milljarðar króna árið 2011 (lækkun um tæp 11%) og opinber fjárfesting ríflega 37 milljarðar króna (lækkun um 18,5%). Aðrir útgjaldaliðir hafa staðið í stað eða hækkað lítillega í krónum talið sé áfallnar ríkisábyrgðir undanskildar.

Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 716 milljarða króna í lok 2011 samanborið við um 585 milljarða króna neikvæða eign árið 2010. Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.865 milljörðum króna í lok 2011 eða sem nam 114,4% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Til samanburðar nam skuld ríkissjóðs 1.629 milljörðum króna árið 2010 eða sem svarar 106,2% af landsframleiðslu (sjá mynd 2 og töflu 9).

Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera námu 174 milljörðum króna á 4. ársfjórðungi 2011 og 680 milljarði á árinu öllu

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar ríflega 174 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2011 samanborið við rúmlega 162 milljarða króna á sama tíma 2010 og er hækkingin 7,4%. Á árinu 2011 námu tekjur hins opinbera um 680 milljörðum króna samanborið við ríflega 637 milljarða króna árið áður og hækkuðu um 42 milljarðar króna milli ára eða 6,6%. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu tekjurnar 41,7%. Mestu skiluðu tekjuskattar, 267 milljörðum króna, sem hækkuðu um 27,5 milljarða króna milli ára og skattar á vöru og þjónustu sem skiluðu 193 milljörðum og hækkuðu um 9,3 milljarða króna frá 2010. Tryggingagjöldin skiluðu 69 milljörðum króna og hækkuðu 5,3 milljarða króna milli ára, en aðrar tekjur — aðallega vaxtatekjur og sala á vöru og þjónustu — lækkuðu hins vegar um ríflega 5 milljarða króna eins og sjá má í töflu 5.

... útgjöldin urðu hins vegar ríflega 203 milljarðar króna á 4. ársfj. 2011 og 751 á árinu öllu

Á fjórða ársfjórðungi 2011 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera hafi verið ríflega 203 milljarðar króna, samanborið við um 249 milljarða króna árið 2010, lækkun um 18,3% milli ára.¹ Á árinu öllu námu útgjöld hins opinbera 751 milljarði króna eða sem svarar til 46,1% af landsframleiðslu og lækkuðu um 5,2% frá 2010. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 236 milljarðar króna (227 milljarðar 2010), kaup á vöru og þjónustu 191 milljarður króna (187 milljarðar 2010) og félagslegar tilfærslur til heimila um 135 milljarðar króna (120,6 ma. 2010). Þá er talið að vaxtakostnaður hins opinbera hafi verið um 76 milljarðar króna árið 2011 (lækkun um tæp 11%) og opinber fjárfesting ríflega 36 milljarðar (lækkun um 18,5%). Aðrir útgjaldaliðir hafa staðið í stað eða hækkað lítillega í krónum talið séu áfallnar ríkisábyrgðir ríkissjóðs undanskildar.

Tekjuhalli hins opinbera var 29 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2011 og 71,5 milljarðar króna á árinu öllu

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 29 milljarða króna á 4. ársfjórðungi 2011 eða sem nemur 7% af áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins og 16,6% af tekjum hins opinbera. Þetta má bera saman við rúmlega 31 milljarðs neikvæða afkomu á sama tíma 2010 sé 55,5 milljarða áfallin ríkisábyrgð í árslok 2010 undanskilin. Í heild varð tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 71,5 milljarða króna árið 2011 eða sem svarar 4,4% af landsframleiðslu. Árið 2010 var tekjuafkoman hins vegar neikvæð um 154,6 milljarða króna (99 milljarðar án áfallinna ríkisábyrgða), eða 10,1% af landsframleiðslu tímabilsins (sjá töflu 1).

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2010 og 2011

Table 1. General government finances in 4th quarter 2010 and 2011

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2010 4. ársfj. 4th quart.	2011 4. ársfj. 4th quart.	Breyting % Change %		Bráðab.t. Prel. 2010	Breyting % Change %
1. Heildartekjur Revenue	162,2	174,2	7,4		637,3	679,6
2. Heildarútgjöld Expenditure	248,9	203,2	-18,3		791,9	751,0
2.1 Fjárfesting Investment	10,8	9,1	-15,8		44,7	36,4
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-86,7	-29,0	•		-154,6	-71,5
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-53,4	-16,6	•		-24,3	-10,5
5. Tekjujöfnuður % af VLF ¹ Financial bal. % of GDP ¹	-22,1	-7,0	•		-10,1	-4,4

¹ Tekjujöfnuður % af VLF viðkomandi tímabils. Financial balance % of GDP in corresponding period.

Ríkissjóður

Tekjuhalli ríkissjóðs var 29 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi, eða 7% af landsframleiðslu ársfjórðungsins

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs hafi verið um 127 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2011 og heildarútgjöld um 156 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 29 milljarða króna á þeim ársfjórðungi eða sem nemur 6,9% af áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um 5,7% frá sama tíma 2010 en útgjöldin aftur á móti lækkað um 22,7%. Séu áfallnar ríkisábyrgðir undanskildar hækkuðu útgjöldin um 3,2% milli umræddra tímabila. Á tekjuhlíðinni hækkuðu skatttekjur og tryggingagjöld um 9 milljarða króna milli 4. ársfjórðungs 2010 og 2011, en aðrar tekjur lækkuðu hins vegar um 2 milljarða króna. Á gjaldahlíð hækkuðu fjárfrahlög um 5,7 milljarða króna og samneysluútgjöld um 2,2 milljarða

¹ Rétt er að árétta að 55,5 milljarða króna ríkisábyrgðir féllu á ríkissjóð í árslok 2010 vegna Íbúðalánasjóðs og bankanna.

króna. Vaxtaútgjöld drógust saman um 2,6 milljarða króna og fjárfesting um 1,2 milljarða króna.

Tekjur ríkissjóðs námu um 496 milljörðum króna árið 2011 samanborið við um 471 milljarð króna árið 2010 og er hækkunin 5,3% milli ára. Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði um 430 milljörðum króna eða um 86,8% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 191 milljarði króna, skattar á tekjur og hagnað 142,4 milljörðum króna og tryggingagjöld um 69 milljörðum króna eða samtals 402,5 milljörðum króna.

Útgjöld ríkissjóðs námu um 565 milljörðum króna árið 2011 samanborið við ríflega 614 milljarða króna árið 2010 og lækkuðu því um 8,1%. Að áföllnum ríkisábyrgðum undanskildum voru þau hins vegar nánast óbreytt í krónum talið milli ára. Fjárframlög til almannatrygginga, sveitarfélaga og erlendra aðila eru umfangsmesti útgjaldaliður ríkissjóðs en þau námu 179 milljörðum króna á árinu. Launaútgjöld hans námu ríflega 122 milljörðum króna, kaup á vöru og þjónustu um 92 milljörðum króna og vaxtakostnaður 68 milljörðum króna. Vaxtakostnaður lækkaði milli ára um 9,6 milljarða króna og fjárfesting um 6 milljarða króna. Fjárframlög hækkðu hins vegar um 11,5 milljarða króna og félagslegar tilfærslur um 5,4 milljarða en samneysluútgjöld voru nánast óbreytt milli ára.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 4. ársfjórðungi 2010 og 2011

Table 2. Central government finances in 4th quarter 2010 and 2011

Fjárhæðir í milljörðum króna	2010	2011	Breyting		Bráðab.t.	Breyting
Figures in billion ISK	4. ársfj.	4. ársfj.	%		Prel.	%
	4th quart.	4th quart.	Change %	2010	2011	Change %
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	119,9	126,8	5,7	470,8	495,7	5,3
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	201,3	155,6	-22,7	614,4	564,6	-8,1
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	5,7	4,5	-21,1	23,5	17,3	-26,2
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)						
<i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-81,4	-28,8	•	-143,6	-68,9	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum						
<i>Fin. bal. % of revenue</i>	-67,9	-22,7	•	-30,5	-13,9	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ¹						
<i>Financial bal. % of GDP¹</i>	-20,7	-6,9	•	-9,4	-4,2	•

¹ Tekjujöfnuður % af VLF viðkomandi tímabils. *Financial balance % of GDP in corresponding period.*

Tekjuafkoma ríkissjóðs er áætluð neikvæð um 69 milljarða króna árið 2011 eða sem nemur 4,2% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um tæplega 144 milljarða króna árið 2010 eða 9,4% af landsframleiðslu. Að áfallinni ríkisábyrgð ársins 2010 undanskilinni var tekjuafkoman neikvæð um 88 milljarða króna á því ári eða 5,7% af landsframleiðslu.

Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 0,8 milljarða króna á 4. ársfjórðungi 2011 og 4,9 milljarða króna á árinu öllu

Heildartekjur sveitarfélaganna á 4. ársfjórðungi 2011 eru áætlaðar 54 milljarðar króna og heildarútgjöld um 55 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður 0,8 milljarðar króna, eða sem nemur 0,2% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Þetta er mun hagstæðari niðurstaða og á sama tíma 2010 þegar tekjuafkoman var neikvæð um 0,8% af landsframleiðslu. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um 11,7% frá sama tíma í fyrra og útgjöld þeirra um 5,4%.

Tekjur sveitarfélaga árið 2011 voru samkvæmt bráðabirgðatölum 210 milljarðar króna samanborið við um 193 milljarða króna 2010 og hækkuðu um 9,1% milli ára. Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum um 125 milljörðum króna eða 59,4% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu um 30 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði um 21 milljarði og aðrar tekjur ríflega 34 milljörðum króna.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 4. ársfjórðungi 2010 og 2011

Table 3. Local government finances in 4th quarter 2010 and 2011

Fjárhæðir í milljörðum króna <i>Figures in billion ISK</i>	2010 4. ársfj. <i>4th quart.</i>	2011 4. ársfj. <i>4th quart.</i>	Breyting % <i>Change %</i>		Bráðab.t. <i>Prel.</i>	Breyting % <i>Change %</i>
				2010	2011	
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	48,4	54,0	11,7	192,6	210,0	9,1
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	52,0	54,8	5,4	205,6	214,9	4,5
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	5,1	4,6	-10,0	21,2	19,1	-10,0
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-3,0	-0,8	•	-12,9	-4,9	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	-6,1	-1,5	•	-6,7	-2,3	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ¹ <i>Financial bal. % of GDP¹</i>	-0,8	-0,2	•	-0,8	-0,3	•

¹ Tekjujöfnuður % af VLF viðkomandi tímabils. *Financial balance % of GDP in corresponding period.*

Heildarútgjöld sveitarfélaganna námu 215 milljörðum króna árið 2011 og hækkuðu um 4,5% frá árinu 2010. Launagreiðslur eru stærsti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða 45% útgjaldanna, en þau voru 96,7 milljarðar króna árið 2011 sem er hækkan um 7% milli ára.¹ Kaup á vöru og þjónustu námu 66,4 milljörðum króna og hækkuðu um 6% milli ára. Fjárfesting sveitarfélaganna dróst hins vegar saman milli ára en hún er áætluð 19 milljarðar króna samanborið við rúmlega 21 milljarð króna 2010.

Tekjuafkoman var verulega hagstæðari en árið 2010 eða neikvæð um 4,9 milljarða króna (0,3% af VLF) samanborið við 12,9 milljarða 2010 (0,8% af VLF).

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem nær til um tveggja þriðju hluta íbúafjöldans, og er það uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. Annar mælikvarði er einnig notaður en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði en þá eru afskriftir

¹ Rétt er að vekja athygli að málefni fatlaðra voru flutt til sveitarfélaga í byrjun árs 2011.

ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn, eða sem nemur þeim mun.

English summary

In the 4th quarter of 2011, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 29 billion ISK in deficit or 7% of the GDP in that quarter. This can be compared with 87 billion ISK in deficit in the 4th quarter of 2010, or 22% of GDP of that quarter, or in deficit of 8% of GDP if called guarantees of 55.5 billion ISK in 4th quarter of 2010 are excluded (see Figure 1). For the whole year 2011, the deficit was 4.4% of GDP compared with 10% of GDP in 2010 or 6.5% of GDP if called guarantees are excluded.

The general government total revenue increased by 6.6% between 2010 and 2011 and amounted to 41.7% of the GDP in 2011 or 680 billion ISK. The increase was mostly in income taxes (27.5 billion ISK) and taxes on goods and services (9.3 billion ISK), 37 billion ISK higher revenue than in 2010. The increase in social contributions was 5.3 billion ISK, but other revenue – mostly interest revenue and sale of services – decreased by 5 billion ISK in 2011 compared with 2010.

The general government total expenditure amounted to 751 billion ISK in 2011 or 46.1% of GDP, resulting in a decrease of 5.2% from 2010. The general government largest expenditure categories are compensation of employees (236 billion ISK), purchase of goods and services (191 billion ISK), social benefits (135 billion ISK) and interest expenditure (76 billion ISK), which decreased by 11% from 2010. Acquisition of nonfinancial assets was 37 billion ISK and decreased by 18.5% between 2010 and 2011. Other expenditure categories than these were unchanged or increased slightly when excluding called guarantees.

Net financial assets, i.e. the difference between financial assets and liabilities, of the central government was negative by 716 billion ISK in the 4th quarter of 2011 compared with negative 585 billion ISK in the same quarter of 2010. Total liabilities of central government amounted to 1,865 billion ISK at the end of the 4th quarter of 2011, comprising 114.4% of GDP, compared with 1,629 billion ISK, or 106.2% of GDP, during the same period in the previous year (see figure 2 and table 9).

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2009–2011*Table 4. Quarterly Government Finances 2009–2011*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildar- útgjöld <i>Total</i> <i>expenditure</i> (2)	– þar af fjárfesting <i>– thereof</i> <i>investment</i> (2.1)	Tekju- jöfnuður <i>Financial</i> <i>balance</i> (3=1-2)	Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum <i>Financial</i> <i>balance % of</i> <i>total revenue</i>	Tekju- jöfnuður, hlutfall af VLF <i>Financial</i> <i>balance %</i> <i>of GDP</i>
Híð opinbera <i>The General Government</i>						
2009	614,3	763,3	52,6	-149,0	-24,3	-10,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	149,1	175,5	9,3	-26,4	-17,7	-1,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	147,2	188,9	14,2	-41,7	-28,3	-2,8
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	155,2	193,0	18,4	-37,8	-24,3	-2,5
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,8	205,9	10,8	-43,2	-26,5	-2,9
2010	637,3	791,9	44,7	-154,6	-24,3	-10,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	153,7	175,0	8,5	-21,3	-13,9	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	156,1	182,3	11,0	-26,2	-16,8	-1,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	165,4	185,8	14,3	-20,4	-12,3	-1,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,2	248,9	10,8	-86,7	-53,4	-5,6
2011	679,6	751,0	36,4	-71,5	-10,5	-4,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	160,8	172,6	6,8	-11,8	-7,3	-0,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	166,1	183,5	8,9	-17,4	-10,4	-1,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	178,4	191,7	11,7	-13,3	-7,5	-0,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	174,2	203,2	9,1	-29,0	-16,6	-1,8
Ríkissjóður <i>The Central Government</i>						
2009	447,4	571,1	31,4	-123,6	-27,6	-8,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	107,0	128,4	3,8	-21,4	-20,0	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	105,2	137,9	8,0	-32,7	-31,1	-2,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	113,7	146,1	12,6	-32,3	-28,4	-2,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	121,5	158,7	7,0	-37,2	-30,6	-2,5
2010	470,8	614,4	23,5	-143,6	-30,5	-9,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	112,0	133,9	3,9	-21,9	-19,6	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	115,4	138,6	5,8	-23,2	-20,1	-1,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	123,4	140,6	8,0	-17,2	-13,9	-1,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	119,9	201,3	5,7	-81,4	-67,9	-5,3
2011	495,7	564,6	17,3	-68,9	-13,9	-4,2
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	118,4	127,9	2,6	-9,5	-8,0	-0,6
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	120,0	136,2	4,2	-16,2	-13,5	-1,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	130,5	145,0	5,9	-14,4	-11,1	-0,9
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	126,8	155,6	4,5	-28,8	-22,7	-1,8

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2009–2011 (frh.)
 Table 4. Quarterly Government Finances 2009–2011 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i> (2)	– þar af fjárfesting – <i>thereof investment</i> (2.1)	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i> (3=1-2)	Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður, hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
Sveitarfélög The Local Governments						
2009	189,3	204,2	21,2	-15,0	-7,9	-1,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	47,0	50,4	5,5	-3,4	-7,1	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,3	53,0	6,1	-5,7	-12,0	-0,4
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	47,5	50,3	5,7	-2,8	-5,8	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	47,4	50,6	3,8	-3,2	-6,7	-0,2
2010	192,6	205,5	21,2	-12,9	-6,7	-0,8
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	47,7	49,4	4,6	-1,7	-3,5	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,2	52,1	5,2	-4,8	-10,2	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	48,6	52,0	6,3	-3,4	-7,0	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	49,0	52,0	5,1	-3,0	-6,1	-0,2
2011	210,0	214,9	19,1	-4,9	-2,3	-0,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	48,6	51,2	4,1	-2,5	-5,2	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	52,9	54,0	4,7	-1,1	-2,0	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	54,5	55,0	5,7	-0,5	-0,9	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	54,0	54,8	4,6	-0,8	-1,5	0,0
Almannatryggingar The Social Security Funds						
2009	133,6	144,1	0,1	-10,4	-7,8	-0,7
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	31,4	33,7	0,0	-2,2	-7,0	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	33,8	37,4	0,0	-3,6	-10,5	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	32,1	34,4	0,0	-2,3	-7,2	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	36,3	38,6	0,0	-2,3	-6,5	-0,2
2010	142,9	141,0	0,0	2,0	1,4	0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	36,0	34,4	0,0	1,5	4,3	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	36,0	34,1	0,0	1,9	5,3	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	35,0	34,7	0,0	0,3	0,9	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	35,9	37,8	0,0	-1,8	-5,0	-0,1
2011	154,5	152,1	0,0	2,3	1,5	0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	35,0	34,8	0,0	0,2	0,7	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	37,0	37,2	0,0	-0,1	-0,3	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	41,0	39,4	0,0	1,6	3,9	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	41,4	40,8	0,0	0,6	1,5	0,1

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2010–2011Table 5. *Quarterly General Government Revenue and Expenditure 2010–2011*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2010			2011				
	Alls <i>Total</i>	Ársfj. <i>Quarters</i>		Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>			
		III	IV		I	II	III	IV
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	637,3	165,4	162,2	679,6	160,8	166,1	178,4	174,2
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	474,1	123,7	118,4	515,8	122,4	126,1	136,9	130,5
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	239,7	60,1	61,9	267,2	61,5	67,8	69,9	68,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,8	0,7	0,7	2,9	0,7	0,7	0,7	0,7
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	35,5	8,7	9,0	35,5	9,1	8,9	8,8	8,7
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	184,2	50,6	44,4	193,5	46,9	44,6	52,7	49,3
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	6,0	1,7	1,4	6,9	1,8	1,4	1,6	2,1
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	6,0	1,9	0,9	9,9	2,4	2,7	3,1	1,7
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	63,6	16,8	16,7	68,9	16,2	16,3	18,0	18,4
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	2,4	0,7	0,7	2,9	0,6	0,7	0,8	0,8
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	97,2	24,2	26,4	91,9	21,7	23,0	22,6	24,6
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	791,9	185,8	248,9	751,0	172,6	183,5	191,7	203,2
21 Laun <i>Wages</i>	227,1	57,3	56,2	236,2	54,4	59,6	60,4	61,8
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	186,9	44,0	50,9	190,6	46,1	47,9	46,4	50,3
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	33,6	8,5	8,5	35,1	8,5	8,6	8,9	9,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	84,8	22,8	22,5	75,7	17,9	17,4	20,4	20,1
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	27,5	6,1	7,2	27,6	7,0	7,0	6,8	6,9
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	4,9	1,1	1,6	5,1	0,9	1,3	1,2	1,7
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	120,6	30,7	31,5	134,8	30,6	32,5	35,7	35,9
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	95,4	9,3	68,1	44,6	8,9	8,9	9,3	17,5
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	44,7	14,3	10,8	36,4	6,8	8,9	11,7	9,1
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-33,6	-8,5	-8,5	-35,1	-8,5	-8,6	-8,9	-9,0
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-154,6	-20,4	-86,7	-71,5	-11,8	-17,4	-13,3	-29,0
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-24,3	-12,3	-53,4	-10,5	-7,3	-10,4	-7,5	-16,6
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-10,1	-1,3	-5,6	-4,4	-0,7	-1,1	-0,8	-1,8
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	41,5	10,8	10,6	41,7	9,9	10,2	10,9	10,7
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	51,6	12,1	16,2	46,1	10,6	11,3	11,8	12,5

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2010–2011
Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2010–2011

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2010			2011				
	Alls <i>Total</i>	Ársfj. <i>Quarters</i>	Quarters	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>	Quarters	Quarters	Quarters
		III	IV		I	II	III	IV
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	470,8	123,4	119,9	495,7	118,4	120,0	130,5	126,8
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	336,1	88,2	83,3	361,3	87,7	87,5	95,7	90,5
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	132,9	32,5	34,4	142,4	34,2	36,8	36,3	35,2
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,8	0,7	0,7	2,9	0,7	0,7	0,7	0,7
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	7,0	1,6	1,9	8,1	2,2	2,0	2,0	1,9
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	181,4	49,7	44,0	191,1	46,3	43,9	52,0	49,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	6,0	1,7	1,4	6,9	1,8	1,4	1,6	2,1
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	6,0	1,9	0,9	9,9	2,4	2,7	3,1	1,7
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	63,6	16,8	16,7	68,9	16,2	16,3	18,0	18,4
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	8,3	2,2	2,3	9,1	2,0	2,2	2,4	2,5
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	62,8	16,3	17,6	56,3	12,5	13,9	14,4	15,5
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	614,4	140,6	201,3	564,6	127,9	136,2	145,0	155,6
21 Laun <i>Wages</i>	120,4	30,5	29,5	122,3	28,2	30,9	30,9	32,3
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	93,4	22,3	25,1	91,8	21,7	23,0	23,0	24,2
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	24,6	6,2	6,2	25,6	6,2	6,3	6,5	6,6
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	77,6	21,0	20,7	68,0	16,0	15,4	18,4	18,1
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	24,0	5,2	6,3	24,0	6,1	6,1	5,9	6,0
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	167,5	41,0	42,1	179,0	40,5	43,5	47,1	47,9
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	22,4	5,7	6,2	27,8	6,4	6,7	7,0	7,7
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	85,7	6,9	65,7	34,4	6,4	6,4	6,7	14,9
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	23,5	8,0	5,7	17,3	2,6	4,2	5,9	4,5
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-24,6	-6,2	-6,2	-25,6	-6,2	-6,3	-6,5	-6,6
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-143,6	-17,2	-81,4	-68,9	-9,5	-16,2	-14,4	-28,8
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-30,5	-13,9	-67,9	-13,9	-8,0	-13,5	-11,1	-22,7
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-9,4	-1,1	-5,3	-4,2	-0,6	-1,0	-0,9	-1,8
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	30,7	8,0	7,8	30,4	7,3	7,4	8,0	7,8
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	40,0	9,1	13,1	34,6	7,8	8,4	8,9	9,5

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2010–2011
Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2010–2011

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2010			2011				
	Alls <i>Total</i>	Ársfj. <i>Quarters</i>	Quarters	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>	Quarters	Quarters	Quarters
		III	IV		I	II	III	IV
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	192,6	48,3	48,4	210,0	48,6	52,9	54,5	54,0
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	138,0	34,9	34,0	154,5	34,7	38,5	41,2	40,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	106,8	27,6	27,5	124,7	27,3	31,0	33,7	32,8
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	28,4	7,1	7,1	27,4	6,9	6,9	6,9	6,9
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	2,8	0,8	0,4	2,4	0,6	0,7	0,7	0,4
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	21,4	5,5	5,4	21,2	5,1	5,6	5,4	5,2
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	33,2	7,6	8,5	34,3	8,8	8,8	7,9	8,8
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	205,6	51,7	52,0	214,9	51,2	54,0	55,0	54,8
21 Laun <i>Wages</i>	90,4	22,8	22,6	96,7	22,2	24,3	25,1	25,1
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	62,6	15,1	16,5	66,4	16,7	16,8	16,0	16,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	9,0	2,3	2,3	9,5	2,3	2,3	2,4	2,4
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	7,2	1,8	1,8	7,7	1,9	1,9	1,9	1,9
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	3,2	0,8	0,8	3,4	0,8	0,8	0,8	0,8
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,0	0,3	0,3	1,0	0,3	0,3	0,3	0,3
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	10,3	2,6	2,6	10,8	2,7	2,7	2,7	2,7
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	9,5	2,4	2,4	9,9	2,5	2,5	2,5	2,5
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	21,2	6,3	5,1	19,1	4,1	4,7	5,7	4,6
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-9,0	-2,3	-2,3	-9,5	-2,3	-2,3	-2,4	-2,4
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-12,9	-3,4	-3,0	-4,9	-2,5	-1,1	-0,5	-0,8
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-6,7	-7,0	-6,1	-2,3	-5,2	-2,0	-0,9	-1,5
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-0,8	-0,2	-0,2	-0,3	-0,2	-0,1	0,0	0,0
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	12,5	3,2	3,2	12,9	3,0	3,2	3,3	3,3
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	13,4	3,4	3,4	13,2	3,1	3,3	3,4	3,4

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2010–2011
Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2010–2011

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2010			2011				
	Alls <i>Total</i>	Ársfj. <i>Quarters</i>	Quarters	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>	Quarters	Quarters	Quarters
		III	IV		I	II	III	IV
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	142,9	35,0	35,9	154,5	35,0	37,0	41,0	41,4
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	141,7	34,7	35,6	153,2	34,7	36,7	40,7	41,1
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	1,2	0,3	0,3	1,3	0,3	0,3	0,3	0,3
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	141,0	34,7	37,8	152,1	34,8	37,2	39,4	40,8
21 Laun <i>Wages</i>	16,3	4,1	4,1	17,2	4,0	4,4	4,4	4,4
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	30,8	6,5	9,4	32,5	7,8	8,1	7,4	9,2
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,3	0,1	0,1	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	5,4	1,4	1,5	5,7	1,3	1,4	1,5	1,6
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	87,9	22,5	22,7	96,2	21,6	23,2	26,0	25,5
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,2	0,1	0,1	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	–	–	–	–	–	–	–	–
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	2,0	0,3	-1,8	2,3	0,2	-0,1	1,6	0,6
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	1,4	0,9	-5,0	1,5	0,7	-0,3	3,9	1,5
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	0,1	0,0	-0,1	0,1	0,0	0,0	0,1	0,0
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	9,3	2,3	2,3	9,5	2,1	2,3	2,5	2,5
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	9,2	2,3	2,5	9,3	2,1	2,3	2,4	2,5

Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2008–2011Table 9. *Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2008–2011*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2011						
	2008	2009	2010	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>			
				I	II	III	IV
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	960,0	1.055,0	1.043,9	1.071,2	1.116,2	1.044,8	1.148,9
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	183,2	226,3	318,4	343,4	442,8	382,0	533,7
Lánveitingar <i>Loans</i>	478,0	361,3	248,0	258,3	204,5	190,6	147,0
Hlutfé <i>Shares and other equity</i>	194,8	334,4	343,6	343,9	343,4	344,1	343,3
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	103,9	133,0	133,8	125,7	125,6	128,1	124,9
Skuldir <i>Liabilities</i>	1.198,5	1.566,4	1.629,1	1.716,9	1.802,6	1.767,5	1.865,1
Verðbréf <i>Securities</i>	313,8	546,3	624,0	685,2	715,0	703,9	732,5
Lántökur <i>Loans</i>	622,2	634,2	611,9	639,6	688,9	667,3	736,0
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	304,4	277,8	270,8	286,8	277,9	280,0	288,2
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	317,8	356,4	341,1	352,7	411,0	387,4	447,8
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	231,3	342,9	339,8	339,4	345,1	345,1	345,1
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	31,2	43,0	53,4	52,7	53,6	51,2	51,5
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-238,5	-511,4	-585,3	-645,6	-686,4	-722,7	-716,2
Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>							
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	64,8	70,6	68,0	65,7	68,5	64,1	70,5
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	12,4	15,1	20,8	21,1	27,2	23,4	32,7
Lánveitingar <i>Loans</i>	32,3	24,2	16,2	15,8	12,5	11,7	9,0
Hlutfé <i>Shares and other equity</i>	13,1	22,4	22,4	21,1	21,1	21,1	21,1
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	7,0	8,9	8,7	7,7	7,7	7,9	7,7
Skuldir <i>Liabilities</i>	80,9	104,8	106,2	105,3	110,6	108,4	114,4
Verðbréf <i>Securities</i>	21,2	36,5	40,7	42,0	43,9	43,2	44,9
Lántökur <i>Loans</i>	42,0	42,4	39,9	39,2	42,3	40,9	45,1
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	20,5	18,6	17,7	17,6	17,0	17,2	17,7
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	21,4	23,8	22,2	21,6	25,2	23,8	27,5
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	15,6	22,9	22,1	20,8	21,2	21,2	21,2
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	2,1	2,9	3,5	3,2	3,3	3,1	3,2
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-16,1	-34,2	-38,1	-39,6	-42,1	-44,3	-43,9

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

97. árg. • 8. tbl. 2012:4

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *pdf*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series